



KENNARASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. janúar 2015

Efni: Umsögn Kennarasambands Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsaleigubætur, nr. 138/1997, með síðari breytingum, þskj. 240-211. mál.

Kennarasamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsaleigubætur, nr. 138/1997, með síðari breytingum.

Samkvæmt núgildandi lögum greiðast húsaleigubætur ekki vegna leigu á einstaklingsherbergjum eða ef eldhús eða snyrting er sameiginleg öðrum. Þær undanþágur sem eru frá því eru að fatlaðir sem búa saman á sérstökum sambýlum fyrir fatlaða hafa rétt til húsaleigubóta auk námsmanna sem eru í námi á framhalds- eða háskólastigi og leigja á heimavist eða námsgörðum.

Með frumvarpinu er lagt til að réttur námsmanna sem eru í námi á framhalds- eða háskólastigi, til húsaleigubóta vegna leigu á herbergi verði sá sami hvort sem þeir leigi á heimavist, námsgörðum eða annarsstaðar.

Kennarasamband Íslands styður framangreint frumvarp og hvetur til samþykkis þess. Kennarasambandið telur þó að ganga mætti lengra og að frumvarpið ætti fremur að snúast um að endurskoða 7. gr. laga um húsaleigubætur í heild sinni þannig að einstaklingar geta átt rétt til húsaleigubóta vegna leigu á einstaklingsherbergjum og ef eldhús og/eða snyrting sé sameiginleg fleirum.

Ástæður þess að Kennarasamband Íslands telur að endurskoða þurfi 7. gr. laga um húsaleigubætur í heild sinni eru meðal annars þær að vitað er að margir tekjulágir einstaklingar búa við bágar aðstæður á húsnæðismarkaði, leigi einstaklingsherbergi eða húsnæði þar sem eldhús og/eða snyrting er sameiginleg með öðrum. Verður að telja að það séu einmitt þessir einstaklingar sem hafa ekki efni á að leigja annarskonar húsnæði sem hafi þörf á húsaleigubótum og því samræmist það anda laganna að þeir geti notið slíkra bóta. Þá myndi það stuðla að því að fleiri leigusamningum yrði þinglýst, auðveldara yrði að hafa eftirlit með slíkri leigu, réttarstaða þessara leigutaka myndi batna og líkur á að leigutekjunum yrði skotið undan skatti yrðu minni þar sem auðveldara yrði að hafa eftirlit með leigutekjunum.

Virðingarfyllt,
f.h. Kennarasambands Íslands

Anna Rós Sigmundsdóttir
lögfræðingur